

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, við veitingu styrkja til ungra vísindamanna Landspítala. Haldið í Hringsal Landspítala þriðjudaginn 4. desember 2018 kl. 12.**

Forstjóri Landspítalans. Góðir gestir, kæru styrkþegar. Til hamingju með daginn.

Það er óhætt að segja að Landspítalinn er mikilvægasti samstarfsaðili Háskóla Íslands. Samvinna okkar er einstök. Saman berum við ábyrgð á menntun nær alls heilbrigðisstarfsfólks í landinu og saman stundum við öflugar rannsóknir í heilbrigðisvísindum og tengdum greinum. Á hverjum tíma stunda hvorki meira né minna en um 2.000 stúdentar nám og þjálfun í heilbrigðisvísindagreinum undir handleiðslu fjölda sameiginlegra starfsmanna okkar.

Grundurvöllur samvinnu stofnanna er öðru fremur traust, skýr sýn og sameiginleg gildi. Sameiginleg markmið og hlutverk Háskóla Íslands og Landspítalans skv. samningi þeirra eru skýr; að annast menntun heilbrigðisstarfsfólks og að bæta meðferðir, umönnun og þjónustu við sjúklinga og aðstandendur. Til að ná þessum markmiðum þurfum við að vinna náið saman

að hágæða kennslu, rannsóknum og nýsköpun. Þannig styrkjum við alþjóðlega stöðu Landspítalans og Háskóla Íslands í harðri alþjóðlegri samkeppni um framúrskarandi starfsfólk og nemendur.

Saman eru Háskóli Íslands og Landspítalinn eftirsóknarverður samstarfsaðili á alþjóðavísu, samstarfsaðili sem býr yfir mikilli rannsóknareynslu, verðmætum rannsóknæfnivið og getur lagt til metnaðarfullan og vel menntaðan mannauð, bæði starfsfólk og stúdenta.

Það er okkur mikið kappsmál að eiga gott samstarf við fremstu háskóla og háskólasjúkrahús heims, enda viljum við ná framúrskarandi árangri í vísindum – árangri sem tekið er eftir og hefur áhrif í heilbrigðisvísindum og eykur lífsgæði.

Þessi viðburður hér í dag er til marks um þann metnað sem Landspítalinn hefur fyrir vísindastarfi og þá framsýni sem felst í því að styðja við ungt og efnilegt vísindafólk. Þið, unga vísindafólk, eruð framtíðin og ég er ekki í nokkrum vafa um að hún er í góðum höndum hjá ykkur. Dugnaður ykkar, kraftur og áræði mun

tryggja áframhaldandi öflugt vísindastarf á heimsmælikvarða á sviði heilbrigðisvísinda.

Það eru spennandi tímar framundan. Uppbygging nýs Landspítala er komin á fullan skrið og mun valda straumhvörfum í allri aðstöðu starfsfólks og sjúklinga. Það leikur ekki vafi á því að stórbætt aðstaða mun efla vísindastarfið enn frekar og gera okkur enn betur kleift að ná þeim metnaðarfullu markmiðum sem við höfum sett okkur.

Kæru styrkþegar, góðir gestir. Ég vil að lokum fyrir hönd Háskóla Íslands endutaka hamingjuóskir til ykkar og þakkir fyrir gjöfult samstarf og hversu vel spítalinn tekur á móti nemendum Háskóla Íslands.

Takk fyrir.